



Augnablik í sögu hverfandi jökla

● „Þegar jökull bráðnar er hann horfinn. Að eilífu,“ segir Ólafur Elíasson

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Í vikunni var opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi sýning á ljósmyndaverki eftir Ólaf Elíasson, *Bráðnun jökla 1999/2019*. Fyrir tuttugu árum myndaði hann úr lofti ýmsa skriðjökla landsins og setti saman í verk 42 slíkar myndir og hefur það verið sýnt víða. „Á þeim tíma áleit ég jökla vera handan allra mannlegra áhrifa. Þeir voru mikilfenglegir og gagntakandi fagrir, þeir virtust óhreyfanlegir, eilífir,“ segir Ólafur um upphaflegu myndröðina. En nú í sumar flaug hann aftur yfir sömu jökla og hefur í þessu nýja verki sett saman 30 myndapör. Á yfirlitssýningu á verkum Ólafs sem stendur nú yfir í Tate Modern í Lundúnum var fyrri útgáfa jökla- raðarinnar tekin niður í liðinni viku og sú nýja sett upp í staðinn. Og þetta er afar áhrifaríkt verk, og sláandi.

„Ég bjóst við að sjá breytingar, en hefði þó aldrei getað ímyndað mér hve miklar þær reyndust. Allir jöklarnir hafa skroppið verulega saman og suma átti ég jafnvel í erfiðleikum með að finna aftur.“ Og hann bætir við: „Þegar jökull bráðnar er hann horfinn. Að eilífu. Það var ekki fyrr en ég sá muninn þá og nú – aðeins 20 árum síðar – sem ég skildi til fulls hvað er að gerast.“

Mér var brugðið

Þegar við Ólafur stöndum milli þessara mynda sem sýna hvað er að gerast, segist hann alls ekki hafa hugsað um upphaflegu myndröðina, frá 1999, sem heilmildir um náttúru sem myndi breytast. „En ljósmyndirnar voru heldur ekki hugsaðar sem óbreytanlegir minnisvarðar. Þetta var ein af hátt í þrjátíu ljósmynda- röðum sem ég gerði á þessum tíma hér á landi og fjalla allar að vissu leyti um breytingar.“

Og hann segir það hafa hreyft við sér að hafa séð hvað jöklarnir hafa hörfað mikil á þessum örstutta tíma.



Morgunblaðið/Einar Falur

Tímaskráning „Við sjáum hvað vantar, missi þess sem er á fyrri myndinni,“ segir Ólafur um bráðnandi jöklana.

„Ég flaug á milli jöklanna með Ragnari Axelssyni, var með gömlu myndina á lærunum og líka kort og horfði út um gluggann í leit að sama sjónarhorni. Þegar mér fannst ég vera á réttum stað yfir fyrstu tókustöðunum, sagði ég samt við Raxa að við værum yfir röngum jöklum. Breytingin var svo mikil. Og mér var brugðið. Sumir jöklanna eru enn til staðar, bara minni, en aðrir alveg horfnir.“

Ólafur segir að þegar hann tók fyrri myndröðina hafi vissulega verið komin af stað umræða um að hitastig á jörðinni væri að hækka af völdum manna en ekki verið orðin hávær.

„Ég ólst upp við skýran skilning á því að mennirnir gætu ekki breytt náttúrunni. Ég gekk í skóla í Danmörku og fannst menningin vera þar en óbreytanleg náttúran hér á Ís-

landi.“ En smám saman hafi upplýsingar frá vísindamönnum tekið að þröngva sér inn í heim fólks eins og hans, fólks sem var til mynda enn undir sterkum klassískum rómantískum áhrifum, en hin pólitísku umhverfislegu skilaboð hafi eðlilega tekið að skipta sífellt meira máli. „Og þá fór almenningur líka að átta sig á því að það væri hægt, og þyrfti að setja mælikvarða á hin ýmsu náttúrulegu fyrirbæri. Ég áttaði mig líka á því að ég væri að upplifa bæði þau tímabil, þar sem mennirnir litu á náttúruna utan heims mannanna og svo það tímabil þar sem við nú skiljum að náttúran er óaðskiljanlegur hluti af lífi mannsins,“ segir hann.

Hið ósýnilega gert sýnilegt

Ólafur er ein þekktasti og áhrifa- mesti myndlistarmaður samtímans

og til að mynda hafa vakið mikla athygli verk sem hann setur upp í almannarými og benda á breytingarnar af mannavöldum, til að mynda bráðnandi ísjakarnir í París meðan á loftslagsráðstefnunni stóð.

Ólafur segist velta því mikið fyrir sér og fjalla um það, til að mynda í nýlegu viðtali á CNN, hvenær ósýnileg náttúruöfl verði sýnileg og hluti af menningunni. Gott dæmi um það er hvernig gosið í Eyjafjallajökli stöðvaði flugumferð. Þá hafi menn áttað sig á því hvað náttúran getur gert. „Markmiðið með þessari nýju myndröð hér var einmitt að gera hið ósýnilega í náttúrunni sýnilegt. Þetta eru engar „fyrir og eftir“- myndir heldur augnablik í áframhaldandi sögu jöklanna. Og við sjáum hvað vantar, missi þess sem er á fyrri myndinni,“ segir hann.